



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 38/2011

**Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu NTC hf., sem er rekstraraðili verslananna GS Skóa og Kultur Menn að fara að tilmælum Neytendastofu um verðmerkingar**

**I.**

**Málsmeðferð**

Starfsmaður Neytendastofu kom í verslanir NTC hf., verslunina GS Skór, Kringlunni og verslunina Kultur Menn, Kringlunni, þann 26. nóvember 2010 og verslunina Retro, Smáralind, þann 7. desember 2010 í þeim tilgangi að skoða ástand verðmerkinga. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveða á um það að fyrirtækjum sem selja vöru eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar, nr. 725/2008. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að verðmerkja vöru þar sem hún er höfð til sýnis neytendum. Skoðanir starfsmanns Neytendastofu leiddu í ljós að ástandi verðmerkinga á söluvörum í verslunum Kultur Menn og Retro var ábótavant. Þá var verðmerkingum í sýningargluggum GS Skóa og Kultur Menn ábótavant.

Starfsmaður hvernar verslunar kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við verðmerkingarnar. Ekki voru gerðar athugasemdir við niðurstöður skoðananna af hálfu starfsmanna verslananna. Í lok skoðananna skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf hjá fyrirtækinu þess efnis að skoðunin hafi farið fram og að Neytendastofa myndi senda fyrirtækinu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til NTC hf., rekstraraðila verslananna GS Skór, Kultur Menn og Retro, dags. 3. janúar 2011, greindi stofnunin fyrirtækinu frá niðurstöðum skoðananna og gerði grein fyrir þeim lögum og reglum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim tilmælum beint til NTC hf. að koma verðmerkingum í betra horf að viðlögðum sektum.



Hinn 17. febrúar 2011, var ástand verðmerkinga aftur skoðað hjá versluninni Retro í Smáralind. Sú skoðun leiddi í ljós að ástandi verðmerkinga á söluvörum var enn ábótavant. Starfsmaður Retro í Smáralind kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga. Hinn 21. febrúar 2011, var ástand verðmerkinga aftur skoðað hjá verslunum GS Skóa og Kultur Menn í Kringlunni. Leiddu þær skoðanir í ljós að ástandi verðmerkinga í sýningargluggum hvorrar verslunar var enn ábótavant. Þá var ástandi verðmerkinga söluvara í verslun Kultur Menn enn ábótavant. Starfsmenn hvorrar verslunar kvittuðu fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til NTC hf., dags. 15. mars 2011, var fyrirtækinu gefinn tíu daga frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Með tölvubréfi dags. 18. mars 2011 barst Neytendastofu svar NTC hf. Í bréfinu kemur fram að starfsmenn fyrirtækisins viti að passa þurfi verðmerkingar og að oft sé þeim ábótavant sérstaklega þar sem oft er skipt um útstillingar og vörur í gluggum og borðum. Starfsmenn reyni að gera sitt besta og fyrirtækið minni sitt fólk á verðmerkingar reglulega ásamt því að hafa innra eftirlit með öllum verslunum.

Í bréfinu koma einnig fram útskýringar með tilliti til einstakra verslana. Um verslunina GS Skó segir í bréfinu að þegar síðasta skoðun hafi verið gerð hafi smiðir enn unnið að gluggum verslunarinnar og þess vegna sé varla hægt að gera kröfu um að þeir skór sem voru í gluggum væru allir merktir á þeim tímapunkti. Tekið er fram að allir skór í útstillingum og gluggum séu nú verðmerktir. Um verslunina Retro segir að þegar skoðun Neytendastofu fór fram hafi verslunin verið að taka upp nýja skó og raða í hillu en ekki hafi verið lokið við að prenta verðmiða undir þá. Að auki kemur fram að verðmerkingar í afgreiðsluborði hafi verið lagaðar strax í kjölfar síðustu heimsóknar. Að lokum segir um verslunina Kultur Menn að margir hlutir séu í afgreiðsluborði og að reynt hafi verið að finna lausn á því hvernig best sé að verðmerkja án þess að láta vörur líta illa út. Verið sé að ganga frá verðmerkingum í afgreiðsluborði verslunarinnar.

Í lok bréfsins kemur fram að undirritaður hafi sjálfur gert úttektir á verslununum. Þá er þess óskað að Neytendastofa skoði ástand verðmerkinga á nýjan leik áður en tekin verði ákvörðun í málinu. Starfsmenn fyrirtækisins reyni sitt besta til að framfylgja lögum um verðmerkingar og að ítrekað sé fyrir starfsfólki að hafa verðmerkingar í lagi.



Að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem bárust Neytendastofu í ofangreindu tölvubréfi var ástand verðmerkinga í verslunum Retro Smáralind, GS Skóm og Kultur Menn Kringlunni, skoðað í þriðja sinn. Hinn 19. maí 2011 var ástand verðmerkinga skoðað í verslun Retro í Smáralind. Skoðunin leiddi í ljós að ástand verðmerkinga söluvara í verslun og sýningarglugga var í góðu lagi. Hinn 23. maí 2011 var ástand verðmerkinga skoðað í verslununum GS Skóm og Kultur Menn í Kringlunni. Þær skoðanir leiddu í ljós að ástandi verðmerkinga söluvara í hvorri verslun var enn ábótavant auk þess sem ástandi verðmerkinga í sýningargluggum hvorrar verslunar var enn ábótavant. Starfsmaður hvorrar verslunar kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga.

## II. Niðurstaða

Í máli þessu hefur NTC hf., rekstraraðili verslananna GS Skóa og Kultur Menn, Kringlunni ekki sinnt tilmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í viðunandi horf.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

*„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“*

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og heimildar í ákvæði 18. gr. sömu laga, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 725/2008, um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar.

Um verðmerkingar á vörum segir í 1. mgr. 4. gr. verðmerkingareglanna:

*„Gefa skal upp verð á hverri pakkningu eða sölueiningu. Verðið skal setja á vöruna sjálfa, á viðfestan miða eða á umbúðirnar. Einnig er heimilt að verðmerkja vöru með hillumerki, skilti eða verðlista enda uppfylli slíkar verðmerkingar skilyrði 3. gr. þessara reglna.“*

Í 3. gr. segir m.a.:

*„Verðmerkja skal vöru þar sem hún er höfð til sýnis, þ.m.t. í búðargluggum og þjónustu þar sem hún er boðin.*

*Verðmerkingin skal vera skýr, aðgengileg og greinileg svo augljóst sé til hvaða vöru eða þjónustu verðmerkingin vísar.“*



Samkvæmt ofangreindum ákvæðum ber NTC hf. að verðmerkja allar söluvörur sínar.

Með því að verðmerkja ekki söluvörur sínar, hvorki í verslunum né sýningargluggum þeirra, hefur NTC hf. brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005 sem og ákvæðum 3. og 4. gr. reglna nr. 725/2008. Þá hefur fyrirtækið ekki farið að tilmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf og því þykir stofnuninni nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

*„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:*

*[...]*

*b. stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]*

*c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“*

Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnsýslulaga og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum, þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á NTC hf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 100.000 kr. fyrir hvora verslun. NTC hf. er því gert að greiða 200.000 kr. (tvö hundruð þúsund krónur) í stjórnvaldssekt. Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



### III.

#### Ákvörðunarorð:

„NTC hf., Kringlunni 4-12, Reykjavík hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæðum 3. og 4. gr. reglna nr. 725/2008, um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar, með því að verðmerkja ekki söluvörur sínar og með því að hafa ekki verðmerkt vörur í búðargluggum verslana fyrirtækisins, GS skóa og Kultur Menn. Þá hefur fyrirtækið ekki farið að tilmælum Neytendastofu þess efnis að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á NTC hf. að fjárhæð kr. 200.000 (tvöhundruðþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 7. júlí 2011

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir